

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004.

1. gr.

Við II. kafla um smíði, vatnspéttleika og ýmsan búnað í I. viðauka bætist ný regla sem verður 20. regla, svohljóðandi:

20. regla

Varnir gegn flæði.

- (1) Setja skal í austurbrunna við afturþil í fiskilestum eða á afturþilið sjálft um það bil 20 cm frá lestarbotni vökvaborðsviðvörunarbúnað, sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla. Skynjunarkerfið skal gefa viðvörun á heyrnlegan og sýnilegan hátt á þeim stöðum, þar sem stöðug vöktun er höfð. Þetta ákvæði tekur þó ekki til fiskiskipa sem búin eru farmtönkum, s.s. loðnu- og síldveiðiskip.
- (2) Setja skal í kjalsogið í vélarúmum fremst og aftast vökvaborðsviðvörunarbúnað, sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla. Skynjunarkerfið skal gefa viðvörun á heyrnlegan og sýnilegan hátt á þeim stöðum, þar sem stöðug vöktun er höfð.
- (3) Stjórnubúnaður allra loka fyrir sjóinntök, frárennsli fyrir neðan sjólinu eða austurssogskerfi, skal vera aðgengilegur.
- (4) Við reglubundið árlegt eftirlit með virkni vökvaborðsviðvörunarbúnaðar skal sýnt fram á virkni hans.

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 5. málsgrein, eftirfarandi:

Ákvæði reglugerðar þessarar um eiturefnabúninga (6. tölul. 15. reglu IV. kafla), neyðaröndunartæki (5. tölul. 13. reglu V. kafla og 4. tölul. 33. reglu V. kafla) og vinnuöryggis-handbók (7. tölul. 13. reglu VI. kafla) taka þegar gildi og skulu uppfyllt eigi síðar en 1. júlí 2008.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, öðlast þegar gildi og skal ákvæði 1. gr. uppfyllt eigi síðar en 1. júlí 2008. Jafnframt fellur brott reglugerð, nr. 781/2006, um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004.

Samgönguráðuneytinu, 1. febrúar 2007.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.